# 31. ÁRSÞING L. H.

31.OKTOBER - 1.NÓVEMBER 1980

# FUNDARGERÐ

REIKNINGAR 1979
HESTAMANNAFÉLÖG 1980

**Landssamband hestamannafélaga**
FÉLAGSHEIMILI FÁKS v/ELLIÐAÁR - REYKJAVÍK
SÍMI 8 69 99

31. Ársþing L.H.

haldið á Hótel Húsavík dagana 31.10 og 1.11. 1980 í boði Grana og Þjálfa.

Dagskrá

Föstudagur 31.10.

| | | |
|---|---|---|
| Kl. | 13.00 | Þingsetning: Albert Jóhannsson, formaður L.H.<br>Kjörbréfanefnd skilar áliti: Ragnar Tómasson.<br>Tilnefning þingforseta. Kosning ritara og teljara.<br>Skýrsla stjórnar:<br>Formaður L.H. Albert Jóhannsson.<br>Gjaldkeri L.H. Gísli B. Björnsson.<br>Umræður um skýrslu stjórnar. Tillögur lagðar fram og vísað til nefnda. |
| - | 16.00 | Kaffi. |
| - | 16.30 | Fyrirlestur: Páll A. Pálsson yfirdýralæknir talar um smitsjúkdóma í hestum. |
| - | 17.00 | Kvikmynd frá E.M. í Hollandi 1979. |
| - | 17.30 | Nefndir hefja störf. |
| - | 19.00 | Matarhlé |
| - | 20.30 | Framhald nefndarstarfa. |

Laugardagur 1.11.

| | | |
|---|---|---|
| Kl. | 8.00 | Morgunverður |
| - | 10.00 | Nefndir skila áliti og umræður. |
| - | 12.00 | Matarhlé. |
| - | 13.30 | Fundi fram haldið. |
| - | 15.30 | Kaffihlé. |
| - | 16.00 | Umræður |
| - | 17.00 | Kosningar: Einn maður í stjórn og varamaður.<br>b) Endurskoðendur. |
| - | 18.00 | Þingslit. |
| - | 20.00 | Hestamannafélögin Grani og Þjálfi bjóða upp á lystauka. |
| - | 20.30 | Kvöldverður. Kvöldvaka verður meðan setið er undir borðum. Stjórnandi er Sigurður Hallmarsson. Síðan verður dansað fram eftir nóttu. Hljómsveitin Miðaldamenn frá Siglufirði leika fyrir dansi. |

# 31. Ársþing L.H.

31. þing L.H. var haldið á Húsavík dagana 31/10 og 1/11 1980 og hófst kl. 13$^{\underline{00}}$ föstudaginn 31. október.

1. Formaður L.H. Albert Jóhannsson setti þingið, hann bauð þingfulltrúa velkomna og minntist tveggja látinna félaga þeirra Sigurjóns í Hólakoti og Haraldar Þórarinssonar.

2. Ragnar Tómasson skýrði frá störfum kjörbréfanefndar, las upp nöfn rétt kjörinna fulltrúa, jafnframt gerði nefndin tillögur um starfsmenn þingsins.

<u>Þingfulltrúar 1980</u>

| | |
|---|---|
| Andvari: 2 | Sverrir Hallgrímsson |
| | Andreas Bergmann |
| Blakkur: 1 | Sigurgeir Guðbrandsson |
| Blær: | |
| Dreyri: 4 | Samúel Ólafsson |
| | Ólafur Sigurbjörnsson |
| Fákur: 16 | Guðm. Ólafsson |
| | Valdimar Jónsson |
| | Hjördís Björnsdóttir |
| | Ingi Lövdal |
| | Bergur Magnússon |
| | Sigurbjörn Bárðarson |
| | Þorlákur Ottesen |
| | Viðar Halldórsson |
| | Kristján Guðmundsson |
| | Ragnar Tómasson |
| | Kolbrún Kristjánsdóttir |
| | Árni Björnsson |
| | Gunnar Tryggvason |
| | Gunnar Steinsson |
| | Páll Agnar Pálsson |
| | Haraldur Sveinsson |
| Faxi: 6 | Skúli Kristjónsson |
| | Friðgeir Friðjónsson |
| | Bragi Ásgeirsson |
| | Bjarni Marinósson |
| | Gísli Höskuldsson |
| | Ólöf Guðbrandsdóttir |

| | |
|---|---|
| Feykir: 2 | Halldór Gunnarsson<br>Jóhann Gunnarsson |
| Freyfaxi: 4 | Gunnar Egilson<br>Guðm. Þorleifsson<br>Jón Bergsson<br>Guðrún Gunnarsdóttir |
| Funi: 2 | Jónas Vigfússon<br>Hjalti Jósefsson |
| Geysir: 8 | Ágúst Ingi Ólafsson<br>Eggert Pálsson<br>Ingibjörg Ottesen<br>Sóley Ástvaldsdóttir<br>Árni Jóhannsson<br>Sigurgeir Bárðarson<br>Einar Magnússon<br>Eyþór Óskarsson |
| Glaður: 3 | Hallur Jónsson<br>Marteinn Valdimarsson<br>Hólmar Pálsson |
| Glófaxi: | |
| Glæsir: 2 | Gunnar Guðmundsson<br>Hermann Friðriksson |
| Gnýfari: 2 | Andrés Kristinsson<br>Gunnar Björnsson |
| Goði: 1 | |
| Grani: 2 | Gísli Haraldsson<br>Kristján Sæþórsson |
| Gustur: 7 | Ásgeir Guðmundsson<br>Kristín Bögeskov<br>Bergur Haraldsson<br>Stefán Pálsson<br>Óli P. Gunnarsson<br>Björn Sigurðsson<br>Benedikt Garðarsson |
| Háfeti: 2 | Guðni Karlsson<br>Ólafur Guðmundsson |



| | |
|---|---|
| Hornfirðingur: 4 | Guðmundur Jónsson<br>Ingimar Bjarnason |
| Hringur: 3 | Ármann Gunnarsson<br>Rafn Arnbjörnsson<br>Friðþjófur Þórarinsson |
| Hörður: 6 | Hreinn Ólafsson<br>Kristján Þorgeirsson<br>Jón Levý Tryggvason<br>Birna Hauksdóttir<br>Guðmundur Jónsson<br>Einar Ellertsson |
| Kinnskær: 1 | Ingi Garðar Sigurðsson |
| Kópur: 2 | Gísli Kjartansson<br>Ásgeir Jónsson |
| Léttfeti: 3 | Sveinn Guðmundsson<br>Guðmundur Ó. Guðmundsson<br>Sigurjón Gestsson |
| Léttir: 6 | Árni Magnússon<br>Björn Jónsson<br>Hólmgeir Valdimarsson<br>Guðm. O. Guðmundsson<br>Ragnar Ingólfsson<br>Jón Matthíasson |
| Ljúfur: 2 | Tómas Antonsson<br>Árni Jón Eyþórsson |
| Logi: 3 | Gunnlaugur Skúlason<br>Þráinn Bj. Jónsson<br>Kristinn Antonsson |
| Máni: 4 | Reynir Óskarsson<br>Viðar Jónsson<br>Hákon Kristinsson<br>Hallgrímur Jóhannsson |
| Neisti: 3 | Grímur Gíslason<br>Þormar Kristjánsson<br>Sigurður Magnússon |
| Óðinn: 2 | Einar Höskuldsson<br>Bryndís Júlíusdóttir |

| | |
|---|---|
| Seyður: 1 | Emil Tómasson |
| Sindri: 4 | Hermann Árnason<br>Þórhallur Friðriksson<br>Sigurbergur Magnússon<br>Erla Þorbergsdóttir |
| Sleipnir: 6 | Birgir Guðmundsson<br>Magnús Hákonarson<br>Gunnar B. Gunnarsson<br>Snorri Ólafsson<br>Einar Magnússon<br>Jón Ólafsson |
| Smári: 5 | Haraldur Sveinsson<br>Leifur Eiríksson<br>Þorgeir Vigfússon<br>Sigurður Steinþórsson<br>Sigurður Sigmundsson |
| Snarfari: 1 | Jón Pálsson |
| Snæfaxi: 1 | Ágúst Guðröðarson |
| Snæfellingur: 4 | Högni Bæringsson<br>Ólafur Kristjánsson |
| Stígandi: 4 | Sveinn Jóhannsson<br>Skafti Steinbjörnsson<br>Sigurður Ingimarsson<br>Jóhann Guðmundsson |
| Stormur: 2 | |
| Sörli: 5 | Halldór Einarsson<br>Sveinn Jónsson<br>Jón Pétur Ólafsson<br>Ingólfur Arnarson<br>Birgir Ó. Birgisson |
| Trausti: 2 | Tómas J. Brandsson<br>Lára Sigurðardóttir |
| Þjálfi: 3 | Kolbrún Úlfsdóttir<br>Jóhann Ólafsson<br>Agnar Kristjánsson |
| Þráinn: 1 | Bergvin Jóhannsson |



| | |
|---|---|
| Þytur: 3 | Karl Valdimarsson |
| Fél. tamn.m.: 2 | Ragnheiður Sigurgrímsdóttir |

Dómarafél. L.H.: Sigurjón Valdimarsson, áheyrnarfulltr.

3. Forsetar þingsins voru tilnefndir.
   1. forseti Arngrímur Geirsson, Þjálfa
   2. " Ármann Gunnarsson, Hring.

4. Ritarar voru tilnefndir
   Birgir Guðmundsson, Sleipni, Þorgeir Vigfússon, Smára, Birna Hauksdóttir, Herði, Halldór Einarsson, Sörla, Jóhann Ólafsson, Þjálfa.
   Teljarar voru kjörnir Kristján Þorgeirsson Herði og Skafti Steinbjörnsson, Stíganda.

5. Skýrsla stjórnar.
   Albert Jóhannsson form. L.H. flutti skýrslu stjórnar:

<u>Skýrsla formanns um störf stjórnar L.H. árið 1980</u>

Góðir þingfulltrúar.

Starfsár það sem nú er á enda runnið einkennist í mínum huga af tvennu. Hið fyrra er að nú höfum við í fyrsta sinn haft ráðinn framkvæmdastjóra í þjónustu okkar um lengri tíma, annað það að stjórnin reyndi í vaxandi mæli að þoka málum áleiðis með því að tilnefna vinnuhópa eða starfsnefndir til að vinna að einstökum málum eða málaflokkum. Um framkvæmdastjórastarfið ber þess að geta að það er í mótun. Eðlilegt má teljast að það væri ekki í föstu formi fyrsta starfsárið enda gaf það framkvæmdastjóranum svigrúm til að móta starfið að nokkru eftir sinni starfsreynslu og stjórnin hefði síðan tök á að vega það og meta frá sínu sjónarhorni. Ljóst er að ýmsu þarf að breyta. Reynt var að sameina starf framkvæmdastjóra og erindreka og í ljós kemur að mikil þörf er fyrir erindrekstur og kynningarstarf meðal hestamannafélaganna á vegum L.H. en jafnframt sést að erfitt er að sinna þessu saman. Stjórnin hefur því tekið saman drög að erindisbréfi framkvæmdastjóra og ákveðið að leita að hluta til annarra um erindisrekstur. Pétur Hjálmsson framkv.stj. L.H. hefur nú um sinn dvalið erlendis í orlofi og námi og þakka ég honum liðið starfsár og bíð hann velkominn til starfa á ný.

Á óskalista er fullkomnari starfsaðstaða og meira starfsrými fyrir þá sem starfa á vegum L.H.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um útgáfumál L.H. - svo sem þingheimi mun kunnugt kom á s.l. hausti út kver sem hugsað er sem kennslubók við reiðskóla og ber það heitið: Sprett úr spori. Kver þetta bætir úr brýnni þörf. Það er gefið út í fremur litlu upplagi og ljóst er að á því eru ýmsir vankantar sem hugsanlega væri hægt að sníða af við endurútgáfu eftir því sem reynslan kennir.

Hesturinn okkar, tímarit L.H. kom út í óbreyttu formi sem fyrr. Þó eru ýmsar blikur á lofti um útgáfu blaðsins. Fjölgað var í ritnefnd á árinu um þrjá og það kosnir Hannes Hjartarson Akranesi, Kristján Guðmundsson Reykjavík og Jónas Vigfússon, Eyjafirði. Með þessari fjölgun ritnefndarmanna er stefnt að því að ná betur til hinna dreifðu byggða með efnissöfnun og samstarf. Einnig hefur þess verið óskað að hestamannafélögin tilnefndu hvert fyrir sig einskonar blaðafulltrúa er yrði tengiliður félagsins og ritnefndar. Vonandi á þetta eftir að bera ávöxt í fjölbreyttara efnisvali og auðvelda ritnefnd störfin blaðinu til heilla. Á árinu voru lagðar fram tillögur að ýmsum breytingum á útliti og efnisskipan blaðsins í samræmi við kröfur tímans. Leist ritnefnd vel á þær enda unnar af kunnáttumanni, en það skal tekið fram að miklar breytingar eru ekki fyrirhugaðar, enda æskilegt vegna vinsælda blaðsins að ritnefndin sé fremur íhaldssöm í þessum efnum. Um svipað leyti og tillögur þessar komu fram gerði ritstjóri blaðsins sr. Halldór Gunnarsson, kunnugt að hann óskaði eftir að hverfa frá blaðinu frá næstu áramótum. Þótti ritnefnd því rétt að bíða með breytingar þar til nýr ritstjóri hefði einnig um þær fjallað og eins hitt að ekki er óeðlilegt að tekið verði mið af því að nýr áratugur útgáfunnar er að hefjast. Val nýs ritstjóra er á dagskrá og stjórnin hefur um það fjallað en niðurstöður liggja enn ekki fyrir. Einnig munu verða breytingar á ritnefnd. Á þessu starfsári hefur verið gert átak til að kynna blaðið og afla því nýrra áskrifenda en það er kunnugt er öflugasta vopnið gegn vaxandi verðbólgu. Áskriftarseðlar fylgdu blöðunum Hestinum okkar og Eiðfaxa. Er það von okkar að tilraun þessi eigi eftir að bera árangur. Þá er í undirbúningi að nota tölvu til að árita blaðið til kaupenda eins og flest tímarit gera nú og hefur það ýmsa kosti í för með sér. Þá er og fyrirhugað í sambandi við söfnun félagatals hestamannafélaganna að senda þeim félögum sem ekki eru áskrifendur kynningareintak ef vera mætti að það örvaði þá til að kaupa blaðið okkar...

Raddir hafa heyrst um það að blaðið væri úrelt og fylgdi ekki



takti tímans, en væri eins og utangarðs og afvelta. Sem betur fer eru þessar raddir fáar og hjáróma en hinir láta yfirleitt lítið til sín heyra sem eru ánægðir. Vert er að hafa í huga að fylgt hefur verið sparnaðarstefnu í sambandi við útgáfuna og reynt að stilla kostnaði í hóf og hafa blaðið sem ódýrast og á það má einnig benda að blaðið hefur litlar auglýsingatekjur og er að mestu unnið í sjálfboðavinnu.

Sala annarra útgáfubóka L.H. hefur gengið þolanlega og mun verða okkur fremur fjárhagsstyrkur en hitt er tímar líða. Mál er til komið að hefja undirbúning að framhaldi handbókarinnar. Því miður verður að segja þá sögu eins og er að blessuð ættbókin hefur enn ekki séð dagsins ljós en þó þokast á leið. Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur samþykkt að gefa bókina út og gjaldkeri L.H. hefur gert tillöguuppdrætti að útliti hennar og gerð, og tilboð hefur borist í prentun hennar. Það er von okkar að stutt sé í að þetta mál komist í höfn enda bókarinnar beðið af mörgum áhuga- og ræktunarmönnum innanlands og utan. Afskiptin af þessari útgáfu hafa leitt til að framkvæmd samþykkt tillögu frá síðasta ársþingi hefur legið í láginni.

Svo sem þingfulltrúar minnast áttu nokkur átök sér stað á síðasta ársþingi vegna ákvörðunar stjórna L.H. um staðarval næsta landsmóts. Enda þótt meiri hluta samþykkt næðist á þinginu um mál þetta voru þó hestamannafélög þau sem hér áttu hlut að máli engan veginn sátt við þær niðurstöður. Stjórn L.H. ræddi þau mál og taldi rétt að óska eftir fundi með stjórnum eyfirsku hestamannafélaganna Léttis, Þráins og Funa ef það mætti verða til þess að brúa bilið og eyða misskilningi. Sá fundur var haldinn á Akureyri og mættum við Sigurður Haraldsson þar. Á fundinum ríkti einlægni og samstarfsvilji. Degi síðar sátum við fund í Varmahlíð í Skagafirði með fulltrúum norðlenskra hestamannafélaga. Þar voru umræður einnig hreinskiptar og vinsamlegar og lauk með samþykkt þess efnis að öll hestamannafélögin á Norðurlandi ákváðu að standa saman að framkvæmd næsta landsmóts. Einnig var samþykkt viljayfirlýsing um niðurskipan lands- og fjórðungsmóta í Norðlendingafjórðungi þennan áratug. Ekki kæmi mér það á óvart þótt aðrir landshlutar ættu eftir að feta í fótspor Norðlendinga með samskonar viljayfirlýsingu um niðurröðun móta enda eðlilegt ef um fleiri en einn mótsstað er að velja.

Um fjármál vil ég vera stuttorður enda mun gjaldkeri gera þeim nánari skil hér á eftir. Þó vil ég geta þess að gert var verulegt átak til þess að fá framlag ríkissjóðs til leiðbeiningastarfs í hestamennsku og til starfs L.H. hækkað en sem kunnugt er hafa þessar fjárgreiðslur staðið í stað um árabil og eru fyrir löngu orðnar óeðlilega lágar miðað við þær fjárhæðir sem önnur félagasamtök fá til sinnar starfsemi. Gjaldkeri undirbjó málið með því að taka saman upplýsingar um þessar fjárveitingar og félagatölu L.H. Við stjórnarmenn ræddum hver sér við fulltrúa fjárveitinganefndar og kynntum þannig mál okkar eftir bestu getu en því miður bar allt þetta erfiði engan árangur og ber að harma það skilningsleysi stjórnvalda sem lýsir sér í þeirri afgreiðslu. Við höfum gengið á fund landbúnaðarráðherra og rætt við hann, ritað fjárv.nefnd bréf og gjaldkeri hefur snúið sér til formanns fjárveitinga. Enn munum við þó ekki láta deigan síga heldur reyna á ný til þrautar.
Samningur L.H. við Félag tamningamanna um kaup og kjör reiðkennara og tamningamanna var framreiknaður óbreyttur. Raddir berast nú stjórninni um nauðsyn þess að eftirlit sé haft með tamningastöðvum til að tryggja rétt þeirra sem þar eiga hross og ef til vill er þörf á að ræða það mál hér á þinginu.

Fyrir atbeina stjórnar L.H. var á vegum Skipulagsstjóra ríkisins hafin athugun á því á hvern hátt væri mögulegt að tengja saman reiðleiðir á höfuðborgarsvæðinu. Þetta verk er unnið af Einari Sæmundsen landslagsarkitekt og varð sú raunin á að honum var einnig falið að huga að skipulagi hesthúsbyggða og annarri aðstöðu hestamanna. Mál þetta hefur verið kynnt stjórn L.H. en hefur ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu enda umfangsmikið.

Vaxandi áhugi er fyrir aukinni fræðslu á flestum sviðum hestamennsku. Dómaranámskeið fyrir gæðingadómara voru haldin í tengslum við bæði fjórðungsmótin undir ágætri umsjá Sigurðar Haraldssonar. Umsóknir bárust um fleiri námskeið og samþykkti stjórnin að þau skyldu haldin en kostnaður greiddur af þátttakendum. Voru haldin 2 slík námskeið á ári. Þá voru haldin 2 dómaranámskeið fyrir íþróttadómara undir stjórn Snorra Ólafssonar og samþykkt að sömu reglur giltu um þau námskeið og námskeiðin fyrir gæðingadómara.

Sýninganefnd Bf. Ísl. og L.H. sendi frá sér tillögur um niðurröðun fjórðungs- og landsmóta. Stjórn L.H. hefur óskað eftir að ræða þessi mál nánar við sýningarnefnd þegar umsagnir hestamanna- og



hrossaræktarfélaga hafa borist.
Í sambandi við sýningarmál var haldin ráðstefna í Holtagörðum í Reykjavík um dagskrá hestaþinga. Var hún vel sótt og vel heppnuð og hafa niðurstöður hennar birst opinberlega og því ekki ástæða til að rekja þær hér. Kosin var nefnd til að vinna að samræmingu á gerð kappreiðavalla. Í sambandi við mótahald hefur stjórn L.H. átt viðræður við dómsmálaráðherra um kostnað við löggæslu á hestamótum. Vonumst við til að fá fljótlega jákvæðar niðurstöður þessa máls. Mótanefnd starfaði óbreytt frá fyrra ári. Mótum fjölgar sífellt og vandasamara en áður að finna þeim stað án árekstra. Því miður tókst það ekki að öllu leyti að þessu sinni en æskilegt er að komast hjá árekstrum af þeim sökum. Á það að vera hægt með góðri samvinnu mótanefndar og stjórna hestamannafélaganna. Einnig ber brýna nauðsyn til þess að koma í veg fyrir að mót verði sett á mótsdaga annara félaga og án samráðs við mótanefnd. Verum minnug þess að störf mótanefndar eru mikilvæg og okkur ber að aðstoða hana eftir föngum til að komast hjá árekstrum og ringulreið...

Aðild að FEIF hefur verið til umræðu og sótti gjaldkeri L.H. aðalfund FEIF í umboði stjórnar L.H. Nú hefur lögum FEIF verið breytt á þann veg að árgjald aðildarfélaga er ekki miðað við félagafjölda og heimild veitt fyrir aðild fleiri en eins félags frá hverju landi. Tillaga um aðild L.H. mun verða lögð fyrir þetta þing.

Til er sjóður sem stofnaður var í því augnamiði að reisa íslenska hestinum minnisvarða á Þingvöllum. L.H. hefur lagt þessu máli lið eftir föngum. Stjórn Minnisvarðasjóðsins hefur farið þess á leit að fá að nota þá tekjumöguleika sem felast í því að endurtekin yrði póstferðin á landsmótið á Vindheimamelum ef leyfi fengist hjá póstyfirvöldum. Stjórn L.H. hefur tekið þessari málaleitan vel og ræddu formaður og gjaldkeri við ráðherra póst- og símamála. Hann tók okkur af velvild og skilningi. Einnig áttum við tal við Póst- og símamálastjóra sem sá ýmsa annmarka á þessu. Lofaði hann að leggja fram gögn sem sýndu hlut póststjórnarinnar í síðustu póstferð.

Úthlugun reiðvegafjár hafði ekki farið fram þegar síðasta ársþing var haldið. Var því úthlutað sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hestamannafélagið | Dreyri | kr. | 200.000 |
| " | Stormur | - | 100.000 |
| " | Snæfellingur | - | 100.000 |
| " | Léttfeti | - | 200.000 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hestamannafélagið | Stígandi | kr. | 200.000 |
| " | Léttir | " | 200.000 |
| " | Smári | " | 200.000 |
| " | Sleipnir | " | 200.000 |
| " | Geysir | " | 300.000 |
| " | Gustur | " | 400.000 + 100.000 |
| " | Fákur | " | 700.000 + 245.000 |
| " | Hörður | " | 300.000 + 400.000 |
| | Samtals | kr. | 3.545.000.- |

Fyrir árið 1980 var reiðvegafé úthlutað sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hestamannafélagið | Snæfellingur | kr. | 500.000 |
| " | Stormur | " | 300.000 |
| " | Freyfaxi | " | 500.000 |
| " | Máni | " | 300.000 |
| " | Fákur | " | 1.200.000 |
| " | Léttfeti | " | 500.000 |
| " | Gustur | " | 800.000 |
| " | Glæsir | " | 500.000 |
| " | Sleipnir | " | 700.000 |
| | Samtals | kr. | 5.300.000 |

Reiðskólastyrk var úthlutað þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hestamannafélagið | Sleipnir | kr. | 11.000 |
| " | Máni | " | 10.000 |
| " | Geysir | " | 12.000 |
| " | Stígandi | " | 10.000 |
| " | Fákur | " | 81.000 |
| " | Gustur | " | 40.000 |
| " | Hringur | " | 10.000 |
| " | Sindri | " | 26.000 |
| | | kr. | 200.000 |

Nokkrar umsóknir hafa borist um staðfestingu meta sem sett hafa verið síðasta keppnistímabil.

Cesar í 800 m stökki á tímanum 57,3 sek. sett á Vindheimamelum 3. ágúst.
Gnýfari 800 m stökk. Tími 55,8 sek sett á Mánagrund 10 ágúst 1980
Börkur í 150 m. skeiði sett á Mánagrund 15/6. Tími 14,2 sek.



Umsókn um staðfestingu á meti Gnýfara er talið var sett á Murneyri var vísað frá þar sem sami hesturhafði áður hlaupið á betri tíma.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns skipaði stjórn L.H. á árinu nokkra vinnuhópa til að vinna að framgangi mála með stjórninni. Þessi tilraun gaf yfirleitt mjög góðan árangur. Verður hér nú greint frá starfshópum þessum og störfum þeirra.

Vinnuhópur til að semja reglur um íþróttakeppni unglinga:

Ragnar Tómasson
Rosemarie Þorleifsdóttir
Kolbrún Kristjánsdóttir
Hreinn Árnason
Ragnheiður Sigurgrímsdóttir.

Nefnd þessi hefur skilað drögum að reglugerð sem fjallað verður um hér á þinginu.

Vinnuhópur um félagsréttindi í hestamannafélögum:

Albert Jóhannsson
Guðmundur Ólafsson
Sverrir Hallgrímsson
Hreinn Ólafsson
Birgir Guðmundsosn.

Nefndin hefur hist og sent drög að reglum til hestamannafélaganna og gert síðan tillögur á grundvelli þeirra athugasemda er bárust og verða niðurstöðurnar lagðar fyrir þetta þing.

Vinnuhópur um gæðingadóma:

Friðþjófur Þorkelsson
Sigurbjörn Bárðarson
Sigurður Haraldsson

og Eyjólfur Ísólfsson og Guðni Jónsson kosnir af Dómarafélaginu. Hópur þessi hefur gert nokkrar breytingar á reglum þeim er gilda um gæðingakeppni og munu þær einnig koma hér til umræðu.

Þá var skipuð nefnd er fjalla skyldi um tryggingarmál. Í henni eiga sæti:

Leifur Jóhannesson
Tryggvi Gunnarsson
Sigurður Þórhallsson

Nefndin hefur skilað áliti, sem fjallað verður hér um, en stjórnin óskar þess að hún vinni áfram að þessum málum.

Að lokinni ráðstefnunni á Holtagörðum um dagskrár hestaþinga var kosin nefnd til að vinna að stöðlun kappreiðavalla o.fl. Í henni eiga sæti:

Sveinn K. Sveinsson
Guðmundur Ó. Guðmundsson
Steinþór Runólfsson
Sigurbjörn Bárðarson
Pétur Hjálmsson.

Nefndin hefur hafið störf sín og væntum við góðs af niðurstöðum hennar er þær liggja fyrir.

Þá var samkvæmt ályktun síðasta ársþings og fyrri ársþinga kosin nefnd til að vinna að ferðamálum og fleiru því tengdu. Í henni eiga sæti:

Árni Þórðarson, form.
Björn Sigurðsson
Sveinbjörn Dagfinnsson

Nefndin hefur unnið mikið og gott starf og á hennar vegum og með fjárstuðningi L.H. hafa þegar verið reistar áningargirðingar á Hveravöllum og í Hvítárnesi sem bæta úr brýnni þörf. Stjórnin hyggst stefna að því að einn áningastaður verði girtur ár hvert.

Auk gæðingadómara nefndarinnar voru kosnar tvær aðrar fastanefndir önnur var fræðslunefnd kappreiðadómara hin íþróttadómara.
Í fræðslunefnd kappreiðadómara eiga sæti:

Hreinn Árnason
Birkir Þorkelsson
Agnar Gústafsson

Í fræðslunefnd íþróttadómara eru:

Eyjólfur Ísólfsson
Snorri Ólafsson
Maja Loebell

Íþróttaráð L.H. starfaði með líku sniði og árið áður. Á vegum þess var haldið landsmót í hestaíþróttum á Melavellinum í Reykjavík. Áður er getið um dómaranámskeið fyrir íþróttadómara. Íþróttamálin eru í mótun enn sem komið er og þau stefna í þá átt að fleirum gefist kostur á að iðka þessa grein hestamennsku og er það vel.



Stjórninni barst beiðni frá dómsmálaráðuneytinu um að tilnefna mann til að vinna að samningu nýrrar reglugerðar um veðmálastarfsemi. Varaform. L.H. Stefán Pálsson hefur unnið að þessum málum f.h. stjórnarinnar og stefnt er að því að koma málum þessum í einfaldara form.
Þá hefur Stefán einnig unnið að samningum við dómsmálaráðuneytið um löggæslu á fjórðungs- og landsmótum og eru þau mál á lokastigi.

Ýmis fleiri mál hafa verið til umfjöllunar hjá stjórn L.H. sem ekki gefst tóm til að fjalla um hér. Þá hefur stjórnin rætt ýmislegt er varðar starf hennar og starfsáætlun og miðar að því að gera hana virkari og afkastameiri. Á það vil ég einnig benda að í mörgum málum er við aðra að eiga og ræður það stundum framkvæmdahraðanum. Æskilegast væri að geta dregið glögg skil milli ársþinga og ljúka milli þeirra afgreiðslu allra þeirra mála sem þingið felur stjórninni. Málið er þó ekki svo einfalt og sumt af því sem við erum að fjalla um í eðli sínu eilífðarmál sem aldrei verða að fullu útrædd eða afgreidd en eru í stöðugri þróun.

Ég vil svo ljúka máli mínu með þökkum til samstarfsmanna minna í stjórninni, hjá Bf. Ísl. og hestamannafélögunum. Við skulum minnast þess að margar hendur vinna létt verk og enn sannast hið fornkveðna að viljinn dregur hálft hlass.

6. Gísli B. Björnsson gjaldkeri L.H. gerði grein fyrir reikningum sambandsins svo og „Hestsins okkar". Reikningarnir voru lagðir fram fjölritaðir og undirritaðir af kjörnum endurskoðendum. Gísli ræddi nokkuð útgáfumál L.H. og varpaði fram ýmsum hugmyndum einkum hvað varðar sölumál H.O. og þeirra ritsmíða er L.H. gefur út. Þá varpaði hann fram ýmsum tillögum um fjáröflun fyrir sambandið. Reikningum var síðan vísað til fjárhagsnefndar.

7. Snorri Ólafsson form. íþróttaráðs L.H. flutti skýrslu ráðsins.

8. Umræður um skýrslu stjórnar.
Kristján Guðmundsson, Fáki tók til máls hann þakkaði stjórninni vel unnin störf og síðan ræddi hann um girðingar á hálendinu sem L.H. stóð fyrir að komið var upp, þá ræddi hann um útgáfumál L.H. og fannst misjafnlega til takast einkum varðandi H.O. og lagði fram nokkrar fyrirspurnir. Albert Jóhannsson svaraði fyrirspurnum er fram komu.

Þá las forseti skeyti frá Jóni M. Guðmundssyni á Reykjum þar sem Jón þakkar sýnda vináttu í tilefni 60 ára afmælis síns og óskar samtökunum velfarnaðar í framtíðinni.

9. Lagðar fram tillögur, fyrstur tók til máls Valdimar Jónsson, Fáki og lagði fram tillögur frá sínu félagi 10 talsins:
   1) Tillaga um gerð eyðublaða fyrir vottorð foreldra knapa undir 16 ára aldri.
   2) Um aldurstakmark knapa á kappreiðum.
   3) Breytingu á kappreiðareglum v/vald ræsa til að vísa úr keppni
   4) Um breytingar á gæðingadómum, viljadómarar verði tveir.
   5) Varðandi áfengispróf keppenda.
   6) Um endurmenntun gæðingadómara
   7) Um breytingar á kappreiðareglum varðandi 150 m skeið.
   8) Um áskorun til aðildarfélaga varðandi almenna umgengni.
   9) Um merkingar hrossa.
   10) Um niðurröðun móta.

Friðgeir Friðjónsson Faxa lagði fram tillögur frá sínu félagi:
1) Um aldurstakmark knapa
2) Um starfssvið hinna ýmsu starfsmanna á kappreiðum sé nánar skilgreint en nú er.
3) Um breytingar á dómstiga í gæðingakeppni.

Skúli Kristjónsson Faxa lagði fram tillögur um:
1) Breytingar á dómum á kynbótahrossum í forvali f. fjórðungs og landsmót
2) Um val á kynbótahrossum fyrir stórmót.

Kristín Bögeskov Gusti tók til máls og flutti tillögur síns félags:
1) Um aldurstakmörk knapa í kappreiðum.
2) Um ferðamannaþjónustu í Skógarhólum
3) Um námskeið fyrir leiðbeinendur í unglingastarfinu.

Sverrir Hallgrímsson Andvara flutti tillögu:
1) Um breytingar á fulltrúafjölda á landsþing
2) Um breytingar á gæðingadómum.

Ágúst Ingi Ólafsson Geysi lagði fram tillögur síns félags:
1) Um 150 m nýliðaskeið
2) Aldurstakmark knapa
3) Áskorun til vegagerðar ríkisins um reiðvegi með hraðbrautum og þjóðvegum.



Snorri Ólafsson form. íþróttaráðs L.H. flutti tillögur um breytingar á reglum um gæðinga og íþróttakeppni varðandi fótabúnað og lyf o.fl.

Hreinn Ólafsson Herði flutti tillögu um niðurröðun móta.

Gunnar B. Gunnarsson Sleipni flutti tillögu um breytingar á gæðingadómum varðandi úrslitakeppni.

Ragnar Tómasson lagði fram tillögu um breytingar á reglum um 150 m skeið.

Reynir Óskarsson Mána flutti tillögu um áskorun á L.H. um að beita sér fyrir því að fóðurbætisskattur af hestafóðri verði felldur niður.

Jón Leví lagði fram tillögu að komið verði upp skrá yfir eigendur lausblaðabóka L.H. vegna viðauka og breytinga.

Gísli B. Björnsson lagði fram tillögu stjórnar L.H. um aðild L.H. að F.E.I.F.

Albert Jóhannsson lagði fram tillögu um félagsaðild, sem lögð er fram af milliþinganefnd.

Sigurbjörn Bárðarson lagði fram tillögur nefndar sem starfar að endurskoðun á gæðingadómum.

Albert Jóhannsson tók til máls og lagði áherslu á að álit tryggingarnefndarinnar væri það langt mál að ekki væri hægt að ræða það í stuttu máli. Hann lagði til að nefndin starfi áfram.

10. Erindi: Páll A. Pálsson yfirdýral. flutti erindi um smitsjúkdóma í hrossum.

11. Nefndarstörf hófust kl. $18^{\underline{00}}$

12. Form. fjárhagsnefndar Ágúst Ingi Ólafsson lagði fram álit nefndarinnar og lagði til að tillögur yrðu samþ.
Reikningar landssambandsins voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.
Þá var eftirfarandi fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða:

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Árgjöld félaga 6000 x 2500 | gkr. | 15.000.000.- |
| 2. | Styrkur frá Búnaðarfél. Ísl. | - | 20.000.- |
| 3. | Vaxtatekjur | - | 2.500.000.- |
| 4. | Sala bóka og rita | - | 3.000.000.- |
| | Samtals | gkr. | 20.520.000.- |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Laun. starfsmanna | A. framkvæmdastj. 5.000.000.- | | |
| | B. skrifsotfust. 2.250.000.- | gkr. | 7.250.000.- |
| 2. Kostn. v/skrifstofu: húsaleiga, pappír, fjölrit, sími, póstur og ýmisl. fleira | | - | 3.500.000.- |
| 3. Ferðakostn. v/formanns og annara | | - | 2.000.000.- |
| 4. Námskeið og fræðslustarf | | - | 1.500.000.- |
| 5. Kostn. v/þinga og ráðst. | | - | 750.000.- |
| 6. Kostn. v/útgáfu augl. o.fl. | | - | 1.000.000.- |
| 7. Félagsaðild, Landvernd, FEIF | | - | 250.000.- |
| 8. Nýjar girðingar og viðhald þeirra | | - | 1.250.000.- |
| 9. Annað og ófyrirséð s.s. afskriftir | | - | 1.000.000.- |
| | Samtals | gkr. | 18.500.000.- |
| | Óráðstafað | gkr. | 2.020.000.- |
| | | gkr. | 20.520.000.- |

---

Fjárhagsnefnd felur stjórn L.H. að athuga möguleika á samstarfi við aðila landsmóta um aukna þátttöku í happdrættum þessara móta. Jafnvel að L.H. hafi forystu um happdrætti í tengslum við landsmót í samstarfi við öll hestamannafélög í landinu.

Tillagan samþ. með 18 atkv.

Árgjald aðildarfélaganna til L.H. verði gkr. 2.500.- á árinu 1981.

Tillagan samþ. samhljóða.

---

Kristján Guðmundsson Fáki form. fræðslunefndar flutti álit nefndarinnar. Frá nefndinni bárust 4 tillögur:

31. ársþing L.H. haldið á Húsavík 31. okt. og 1. nóv. 1980 beinir því til L.H., að hún komi á fræðslunámskeiðum fyrir leiðbeindndur í unglingastarfi.

Tillagan samþ. samhljóða.

31. ársþing L.H. haldið á Húsavík 31. okt. og 1. nóv. 1980 samþykkir að fela stjórn sambandsins að beita sér fyrir ákveðnu fyrirkomulagi áskrifta við útgáfu lausblaðabóka, sem gefnar eru út á vegum L.H. þ.e. að áskrifendur fái nýtt efni sent jafnóðum og út er gefið.

Tillagan samþ. samhljóða.

31. ársþing L.H. haldið á Húsavík 31. okt. og 1. nóv. 1980 telur brýna þörf á, að stjórn L.H. taki að sér að koma á heildarskipulagi fræðslustarfs meðal aðildarfélaganna. Skrifstofa L.H. hafi á



